MAGNA

LÖGMENN

Kjósarhreppur
b/t Karls M. Kristjánssonar
oddvita og sveitarstjóra
Ásgarði
276 Mosfellsbæ

Reykjavík, 10. júní 2020.

Efni: Málefni Þúfukots

Ágæti oddviti og sveitarstjóri.

Ég rita þér fyrir hönd umbjóðenda minna, dap ehf., sem er þinglýstur eigandi jarðarinnar Þúfukots í Kjós, og hjónanna Laufeyjar Kristjánsdóttur og Odds Víðissonar, með heimili að Litlu-Tungu, Kjós, en þau hjón eru eigendur dap ehf.

Eins og sveitarfélaginu er kunnugt keypti umbjóðandi minn, dap ehf., jörðina Þúfukot, landnr. 126494 og fasteignanr. 208-6769, árið 2018 af Landsbankanum, sem eignast hafði jörðina á nauðungaruppboði. Jörðin hafði áður verið í eigu Leynislæks ehf. sem eignaðist hana og allt sem henni fylgir með afsali frá Höskuldi Pétri Jónssyni, sem jafnframt mun hafa verið eigandi þess félags. Var jörðin og allt sem fylgir og fylgja ber veðsett fyrir skuldum þessara aðila.

Umbjóðandi okkar keypti jörðina Þúfukot með öllu sem henni fylgir og fylgja ber, þar með talið u.þ.b. 25 hektara landspildu sem Landsbankinn seldi tilheyrandi jörðinni og umbjóðandi okkar keypti með lögmætum hætti. Þannig hefur umbjóðandi okkar þinglýst afsal fyrir umræddri landspildu. Höskuldur Pétur hefur virt að vettugi eignarrétt umbjóðanda okkar, sem varinn er af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Telur hann umrædda spildu tilheyra sér, án þess að að færa fyrir því nokkra sönnun, enda eins og áður er komið fram er spildan hluti Þúfukots og var veðandlag Landsbankans.

Á hvítasunnudag, hinn 31. maí 2020, kom umbjóðandi okkar, Oddur, að Höskuldi Pétri, þar sem hinn síðarnefndi var að girða innan landamerkja Þúfukots. Á þeim fundi fór Höskuldur Pétur einkar niðrandi orðum um umbjóðanda okkar og gerði mjög lítið úr störfum hans fyrir sveitarfélagið og misfór með allar staðreyndir. Öllu alvarlegra er þó að Höskuldur Pétur hótaði Oddi lífláti með því að hóta að skjóta hann og réðst síðan að honum með gaddavír. Var árásin hömlulaus og hættuleg. Hefur umbjóðandi okkar kært Höskuld Pétur til lögreglu fyrir þennan verknað. Tekið skal fram að myndband er til af þessu atviki og atlögunni allri og hefur það verið afhent lögreglu.

Umbjóðandi okkar Oddur, hringdi í lögreglu, sem eðlilega brást við og kom á vettvang. Höskuldur Pétur var síðar handtekinn þennan sama dag og sleppt síðar.

Á forsíðu Fréttablaðsins hinn 3. júní 2020 birtist frétt með fyrirsögninni. „Sérsveitin beitti hörku“. Er þar að finna einhliða frásögn Höskuldar Péturs af handtöku sinni og einnig viðtal við aðalvarðstjóra lögreglu. Í sömu frétt er svo viðtal við þig, Karl Magnús Kristjánsson, oddvita og sveitarstjóra Kjósarhrepps. Í fréttinni kallar þú umrætt atvik,

Höfðabakki 9 110 Reykjavík 571 5400 magna.is

líflátshótanir og árás, „smátilefni“, án þess að séð verði að þú hafi kynnt sér málið til hlítar eða haft nokkrar forsendur til að fjalla um það á opinberum vettvangi. Vekur það sérstaka athygli því í fréttinni er eftir haft eftir þér að þú veltir því fyrir þér hvernig standi á því að hægt sé að kalla víkingasveit lögreglunnar til án þess að kanna alla málavexti til hlítar. Rétt er að taka fram að umbjóðandi okkar, Oddur, tilkynnti atvikið til lögreglu en kallaði ekki til sérsveit ríkislögreglustjóra. Almenningur getur ekki kallað til sérsveit ríkislögreglustjóra, það er alltaf mat lögreglu á aðstæðum hvaða viðbúnaður er viðhafður hverju sinni. Vekur það því sérstaka furðu að oddviti og sveitarstjóri skuli láta hafa slíkt eftir sér í fjölmiðlum, sérstaklega án þess að hafa kynnt sér málavexti, því orð embættismanna í fjölmiðlum hafa vægi.

Í kjölfar þessa einhliða fréttaflutnings og ummæla sveitarstjórans og oddvitans um störf lögreglunnar, án þess að oddviti hefði kynnt sér áður báðar hliðar málsins, hafa umbjóðendur okkar mátt sitja undir miklum óhróðri á samfélagsmiðlum og í athugasemdakerfum fjölmiðla. Hefur Höskuldur Pétur þar farið fremstur í flokki og viðhaft ærumeiðandi ummæli um umbjóðendur okkar. Verður honum gert að bera ábyrgð á þeim ummælum sínum.

Í fréttinni kemur fram að í grunninn snúist málið um landamerkjadeilu sem sé í kæruferli. Skýrt skal tekið fram að það er rangt. Höskuldur Pétur fer hins vegar fram með fullkomnu gerræði og sjálftöku. Hefur hann látið hross í sinni eigu 10-15 talsins ganga laus í landi Púfukots, þrátt fyrir að um páska 2019 hafi umbj. okkar bannað honum það en hann ekki látið af háttsemi sinni. Eins og oddvita er kunnugt er lausaganga stórgripa ekki leyfileg og ekkert sem veitir Höskuldi Pétri heimild til að láta hross sín ganga laus í ógirtu landi Púfukots.

Eins og oddvita er jafnframt kunnugt hefur Höskuldur Pétur haft búsetu í Nýjakoti sem er sumarbústaður á lóð úr landi Púfukots, skráð eign dætra hans. Lóðin er um 4000 fm. að stærð. Lögheimili hans er hins vegar skráð í Lyngholti. Höskuldur Pétur hefur að undanförnu girt af stærra land en þeir um 4.000 fm. eru sem fylgja lóðinni, sem ætluð er til nota undir sumarhús og leggur þannig undir sig hluta af landi Púfukots sem er skýrt brot á eignarrétti umbjóðanda okkar. Þrátt fyrir þessa hegðun og fullkomna vanvirðingu hans gagnvart lögum og rétti hefur oddviti og sveitarstjóri Kjósarhrepps kosið, að því er virðist, að taka afstöðu með Höskuldi Pétri og gegn umbjóðendum okkar. Lýsir það sér m.a. annars í því að þú hefur beint til umbjóðenda okkar erindi þess efnis að þú persónulega eða sveitarfélagið hafi ákveðið að girða eða leyfa Höskuldi Pétri að girða bráðabirgðagirðingu á umræddum 25 ha. lands og heimila honum afnot af landinu á meðan eignarhald sé enn „ófrágengið“, eins og það var orðað.

Hér er mikill misskilningur á ferð. Eignarhald umræddrar spildu er ekki ófrágengið eins og að framan var rakið og svo mikið er víst að hvorki sveitarfélagið né oddviti þess persónulega hafa nokkurn ráðstöfunarrétt yfir landinu enda er það hluti Púfukots. Þá er rétt að benda á ákvæði girðingalaga nr. 135/2001, en ákvæði laganna um samgirðingar eru skýr ef um tvær landareignir væri að ræða. Verður því ekki með nokkru móti séð með hvaða heimild sveitarfélagið ætlaði að láta girða framangreinda landspildu og afhenda hana svo Höskuldi Pétri. Til að taka af allan vafa er sveitarfélaginu með bréfi þessu bönnuð öll afnot umræddrar landspildu, sem og Höskuldi Pétri Jónssyni. Ef farið verður

í framkvæmdir án heimildar, hvort sem það verður á vegum sveitarstjórnar eða Höskuldar Péturs, á umbjóðandi okkar ekki annan kost en að kalla til lögreglu. Girðingar sem verða settar upp án leyfis verða teknar niður, á kostnað þess sem ábyrgð ber.

Í erindi þínu sem beint var til umbjóðanda okkar er farið fram á að hann opni ekki hlið í girðingum. Tekið skal fram að umbjóðandi okkar heldur engar skepnur og ber ekki að halda við gripheldum girðingum eða loka hliðum inni á landi sínu. Vandamálið er lausaganga hrossa Höskuldar Péturs Jónssonar og getur umbjóðandi okkar ekki borið ábyrgð á slíku. Þá hefur oddviti staðhæft að umbjóðandi okkar, dap ehf., hafi fengið sýslumann til að umskrá umrædda 25 ha spildu á nafn félagsins en það hafi síðar verið afmáð. Eins og þér má vera kunnugt um eru þetta staðlausir stafir. Umbjóðandi okkar hefur fram til þessa ekki krafist neinna breytinga hjá sýslumanni eða Þjóðskrá.

Loks skal tekið fram að í tölvuskeyti sem beint var til umbjóðanda okkar er farið fram á að hann hagaði sér sem „siðaður maður", eins og það var orðað. Öll framkoma oddvita og sveitarstjóra verður ekki túlkuð öðruvísi en að dreginn sé taumur Höskuldar Péturs Jónssonar og lýst andúð í garð umbjóðanda okkar. Er það því miður staðreynd með umræddu blaðaviðtali og tölvupósti. Er útilokað fyrir oddvita að mati umbjóðanda okkar að hafa frekari afskipti af málinu sem embættismaður eða kjörinn fulltrúi sveitarstjórnar, hvort sem um bein eða óbein afskipti er að ræða, með vísan í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Umbjóðendur okkar munu ekki láta viðgangast það ofríki og ógnun sem þau eru beitt í tilskrifum, yfirlýsingum og fréttaflutningi. Framganga oddvita sem kjörins fulltrúa gagnvart íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu er með miklum ólíkindum og í andstöðu við hlutverk og skyldur sveitarstjórnarmanna samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Gagnvart athöfnum sveitarfélagsins áskilja umbjóðendur okkar sér því allan rétt, hverju nafni sem nefnist.

Virðingarfyllst,

Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.